

3. FUNDUR SAMEININGARNEFNDAR A-HÚN

Miðvikudaginn 10. janúar 2018 var fundur haldinn í sameiningarnefnd A-Hún. kl. 14.30 í Bjarmanes Café á Skagaströnd.

Á fundinn voru mætt:

Þorleifur Ingvarsson, Þóra Sverrisdóttir, Einar K. Jónsson, Vignir Sveinsson, Magnús Björnsson, Dagný Úlfarsdóttir, Hörður Ríkharðsson, Valgarður Hilmarsson, Adolf Berndsen, Steindór R. Haraldsson og Magnús B. Jónsson.

Þorleifur Ingvarsson, formaður nefndarinnar setti fundinn og stjórnaði honum. Dagný Úlfarsdóttir ritaði fundargerð.

1. Fundargerð sameiningarnefndar frá 6. des. 2017.

Fyrir fundinum lá fundargerð síðasta fundar nefndarinnar 6. desember 2017. Fundargerðin var samþykkt.

2. Fundargerð framkvæmdaráð frá 19. des. 2017.

Fyrir fundinum lá fundargerð fyrsta fundar hjá framkvæmdaráði um sameiningu sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu, þriðjudaginn 19. desember 2017. Fundargerðin var til kynningar.

3. Samningur við Ráðrík ehf.

Fyrir fundinum lágu drög að samningi við Ráðrík ehf en samkvæmt þeim er áætlað að vinnu þeirra við verkefnið ljúki á árinu 2018 og inni í tilboði þessu er öll vinna og ferðakostnaður ráðgjafa Ráðrík ehf. Samningurinn hljóðar upp á 5,9 milljónir.

Umræður urðu um samninginn. Margt þarf að koma til, meðal annars aðstoð frá hinu opinbera. Umræður um tímarammann og hvort hann sé of langur. Ljóst er að sveitarstjórnarkosningar verði 26. maí n.k. og mikill hluti vinnu Ráðríks ehf. hefur farið fram fyrir þann tíma. Mikilvægt er að þá liggi fyrir kostir og gallar fyrir íbúa m.t.t. sameiningar.

Upp kom spurning hvort greiðslur frá Jöfnunarsjóði komi til með að dekkja þann kostnað sem fyrrsjáanlegur. Þorleifur upplýsti að áætlun Jöfnunarsjóðs miðast við lágmarksgreiðslur og sjóðurinn hafi verið að greiða mun hærri upphæðir en lágmarksgreiðslur í áætlun segi til um.

Laga þarf orðalag í millifyrirsögn og tillaga Þorleifs er að hún verði svona: Framkvæmd vinnu ágúst - desember 2018. Er hún samþykkt.

Samningurinn borinn upp og samþykktur.

Þorleifur mun hafa samband við Ráðrík ehf. og undirrita samninginn fyrir hönd sveitarfélaganna.

4. Átaksverkefni í byggðamálum.

Þorleifur gaf Adolphi orðið og fór hann yfir atriði sem hann hefur tekið saman sem gætu verið viðræðugrundvöllur við hið opinbera, sem og vinnu SSNV við samantekt á byggðaaðgerðum Norðmanna. Lykilatriði er að geta selt stjórnvöldum eitthvað af þessum verkefnum til að styrkja byggðina hér.

Umræður urðu um greiðslur Jöfnunarsjóðs vegna skuldamismunar sveitarfélaganna og er sá útreikningur í vinnslu hjá Jöfnunarsjóði. Hann þarf að liggja fyrir þegar íbúar fara að kynna sér málið.

Rætt um töluleg opinber gögn sem hægt væri að rýna í við þessa vinnu, s.s. um meðaltekjur íbúa. Miklar umræður urðu um nauðsyn þess að stjórnvöld kæmu með öflugum hætti að þessari sameiningarvinnu.

5. Önnur mál.

Húnavatnshreppi er falið að gera kostnaðaráætlun við sameiningarverkefnið og sækja um framlag til Jöfnunarsjóðs vegna þess.

Umræður um upplýsingaflæði til íbúa meðan á undirbúningsvinnu og ferli stendur. Mikilvægt að vinna fyrir opnum tjöldum og hafa verkefnið gagnvirkt. Ráðgjafar Ráðrík ehf. eru mjög opnar fyrir því að halda úti heimasíðu um verkefnið.

Fljótlega þarf að fara í að teikna upp núverandi skipulag og hugmyndir af mögulegu skipulagi á m.a. fjallskilamálum, skólamálum og stjórnsýslunni og verður það rætt á næsta fundi framkvæmdaráðsins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:10.